

GJALDSKRÁ

fyrir sorpurðun og sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við íbúð er sem hér segir:

Sorphirðugjald á íbúð, íbúðarhúsnæði í þéttbýli	kr. 26.031
Sorpeyðingargjald á íbúð, íbúðarhúsnæði í þéttbýli	kr. 22.969

Sorphirðugjald í dreifbýli þar sem sorp er sett í safngáma:

Árlegt gjald er sem hér segir:

Sorpeyðingargjald, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr. 68.906 / býli
Sorpeyðingargjald, íbúðarhúsnæði í dreifbýli	kr. 22.969 / íbúð
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir	kr. 22.969 / hús
Sorpeyðingargjald, gripahús á skipulögðum svæðum	kr. 6.125 / séreign

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

Boðið er upp á að sækja dýrahæ heim á bæi í dreifbýli vikulega frá apríl til október og á tveggja vikna fresti frá nóvember til mars. Þjónustan er gjaldfrjáls en greiða skal urðunargjald samkvæmt vigt og miðast gjaldið við gjaldskrá urðunarstaðarins í Stekkjarvík hverju sinni.

2. gr.

Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:

1. *Rekstraraðilar* greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.
2. *Almenningur* greiðir ekki fyrir úrgang sem myndast við venjulegan heimilisrekstur. En ætlast er til að hann sé flokkaður.

Einungis þarf að greiða fyrir stærri farma s.s. úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis.

Móttökugjöld fyrir einstaka efnisflokka:

Flokkur 1. Óflokkað í urðun:

Byggingarúrgangur, blandaður	23 kr./kg
Blandaður úrgangur í urðun	23 kr./kg
Timbur, málað/fúavarið	23 kr./kg
Múrbrot – flísar – postulín	2 kr./kg
Lífrænn úrgangur til urðunar	20 kr./kg
Asbest	34 kr./kg
Veidarfæri	29 kr./kg
Spilliefni	38 kr./kg

Áhættuflokkur skv. 1. – 3. gr. reglugerðar nr. 820/2007.

Flokkur 2. Flokkað til endurnýtingar:

Timbur, hreint (ekki málað/fúavarið)	16 kr./kg
Járn/málmar	0 kr./kg
Garðaúrgangur	0 kr./kg

Flokkur 3. Úrgangur sem ekki þarf að greiða fyrir:

- Bylgjupappi.
- Umbúðir úr sléttum pappa.
- Dagblöð og tímarit.
- Fernur.
- Filmuplast.
- Heyrúlluplast.

Stórsekkir.
Hjólbarðar.
Rafgeymar.
Rafhlöður.
Málning.
Önnur spilliefni.

Flokkur 4. Lífræn efni beint til jarðgerðar:

Kjöt og sláturúrgangur	21 kr./kg
Fiskúrgangur	21 kr./kg
Lífrænn heimilisúrgangur	21 kr./kg

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til veitu- og framkvæmdasviðs sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisauka-skatts.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1125/2015. Gjaldskráin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 15. desember 2021 og öðlast þegar gildi og fellur þá eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1363/2020 úr gildi.

Sauðárkróki, 7. janúar 2022.

Sigfús I. Sigfússon sveitarstjóri.